

Bláskógaskóli Laugarvatni auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsókna fyrir skólaárið 2021-2022:

- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Leikskólakennari á leikskóladeild
- Hlutastarf í smíðakennslu
- Hlutastarf í tónmennt
- Stuðningsfulltrúi á yngsta stigi og í frístund
- Starfsmaður í eldhús leikskóla og afleysingar á leikskóla.

Í skólanum störfum við með það að markmiði að skapa nemendum, og skólasamfélaginu í heild, góð skilyrði til náms. Við leitum leiða til að mæta ólíkum þörfum nemenda og vinnum saman sem heild. Við erum teymiskennsluskóli á leik- og grunnskólastigi og við myndum saman teymi eftir stigum hverju sinni. Við höfum markað okkur stefnu í útinámi sem við teljum að sé góð leið til að mæta fjölbreyttum kennsluháttum.

Við leitum eftir einstaklingum sem eru lausnamiðaðir í starfi, með afburða góða samskiptahæfni og eru til að halda áfram að þróa með okkur áhugavert og skemmtilegt skólastarf.

Hæfnikröfur eru kennsluréttindi, góð meðmæli og reynsla úr fyrri störfum er einnig mikilvæg.

Ráðið verður í störf frá 1. ágúst. Umsóknarfrestur er til 5. maí 2021.

Áhugasamir eru beðnir um að senda umsókn í gegnum tölvupóst elfa@blaskogaskoli.is þar sem ferilskrá fylgir og upplýsingar um meðmælendur.

Upplýsingar um störf veitir Elfa Birkisdóttir skólastjóri í síma 480-3030..

